

Ed.

198. Nefndarálit

um frumvarp til laga um að leggja jörðina Bakka með Tröllakoti í Tjörnes-
hreppi í Suður-Pingeyjarsýslu undir sveitarfjelag Húsavíkurhrepps.

Frá allsherjarnefnd.

Þegar nefndin fór að athuga þetta mál, þótti henni 3. gr. frumv. óljós og tvíræð, þar sem hún ákveður, að Húsavíkurhreppur skuli »taka á sig skyldur og kvæðir, þar með talið þursfamannaframfæri«, sem af því leiða, að Bakki með Tröllakoti er lagður undir hreppinn. Það mun vera venjulegast, að t. d. framfærslurjettur, sem fenginn er á jörð, fylgi henni er hún legst frá einum hreppi til annars, og orðin »að taka á sig« o. s. frv. benda í þá átt, að svo hafi einnig átt að vera í þessu tilfalli. Hins vegar benda ástæður hreppsnefndar Húsavíkurhrepps og útdráttur úr fundargerð hlutaðeigandi hreppsnefnda frá 7. des. f. á., sem fylgja frumv., miklu fremur til þess, að Húsavíkurbreppur leysi sig til fulls og alls undan þeim skyldum og kvöðum, sem Bakka og Tröllakoti mundu annars fylgja vegna liðins tíma, með þeirri 1600 kr. greiðslu í eitt skifti fyrir öll og vegarlagningu á 12 árum, sem gert er ráð fyrir í frv. Til þess að fá fulla vissu um, hvað meint hefir verið með samningi hreppsnefnda Húsavíkurhrepps og Tjörneshrepps, dags. 7. des. f. á., hefir allsherjarnefnd símað fyrirspurn til Húsavíkur og fengið það svar frá oddvita hreppsins með símskeyti dagsettu 1. þ. m., að með 1600 kr. greiðslunni og hinni tilteknu vegarlagningu eigi öllum skiftum hreppanna, snertandi innlimun Bakka með Tröllakoti í Húsavíkurhrepp, að vera lokið.

Nefndin mælir með því, að frumv. verði samþykkt, og á þeim grundvelli, sem hreppsnefndirnar hafa ætlast til. En til þess að það verði ótvíætt, gerir hún við það svo felda

BREYTINGARTILLÖGU :

Við 3. gr. Greinin orðist þannig :

Að öðru leyti eru skyldur og kvaðir, þar með talið þurfamannaframsæri, á þessum tveimur hreppum óbreyttar frá því, sem ákveðið er í stjórnarráðsbræfi nr. 72, 4. júní 1912.

Alþingi, 4. apríl 1922.

**Sigurjón Friðjónsson,
form. og ritari.**

**S. H. Kvaran,
fundaskrifari.**

Jóh. Jóhannesson.